

Svar

félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um nauðungarsölur og greiðsluaðlögun.

1. *Hversu margar fasteignir einstaklinga voru seldar nauðungarsölu að kröfum Íbúðalána-sjóðs árin 2008–2017, sundurliðað eftir árum, mánuðum, embættum og umdænum sýslumanna?*

Óskað var eftir upplýsingum um hversu margar fasteignir í eigu einstaklinga voru seldar nauðungarsölu að kröfum Íbúðalána-sjóðs árin 2008–2017. Íbúðalána-sjóður býr ekki yfir upplýsingum um hversu margar eignir voru seldar að kröfum sjóðsins. Sjóðurinn leysti til síns samtals 2.875 fasteignir á framangreindu níu ára tímabili. Auk þess lýsti sjóðurinn veðkröfum í 630 öðrum nauðungarsöllum á tímabilinu þar sem kaupandi var annar en sjóðurinn. Hér á eftir má finna töflu þar sem fram kemur sundurliðun á fjölda fasteigna sem seldar voru nauðungarsölu á árunum 2008–2017 og Íbúðalána-sjóður átti veðkröfum í eigninni. Það jafngildir því hins vegar ekki að viðkomandi eign hafi verið seld að kröfum sjóðsins en líkt og áður segir liggja ekki fyrir upplýsingar um slík tilvik.

Sýslumannsembætti	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
Austurland	8	6	11	17	14	22	18	29	6	5	136
Höfuðborgarsvæðið	38	46	202	110	185	243	78	136	105	26	1169
Norðurland eystra	22	22	40	14	33	55	29	38	20	15	288
Norðurland vestra	3	3	5	3	7	6	8	6	2	4	47
Suðurland	24	28	76	37	41	82	17	63	30	24	422
Suðurnes	36	59	165	135	156	219	93	58	51	18	990
Vestfirðir	14	19	21	6	15	20	16	22	20	7	160
Vestmannaeyjar	2	6	8	5	7	10	4	4	7	3	56
Vesturland	4	14	29	26	31	57	23	30	18	5	237
Samtals	151	203	557	353	489	714	286	386	259	107	3505

2. *Hversu margir einstaklingar leituðu tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði árin 2008–2017, í hversu mörgum þeirra tilfella hefur slík greiðsluaðlögun komist á og í hversu mörgum þeirra tilfella hefur fasteign í eigu skuldarar verið seld eða ráðstafað til kröfuhafa, sundurliðað eftir árum, mánuðum, dómstólum og umdænum þeirra?*

Ráðuneytið býr ekki yfir tölulegum upplýsingum um það hversu margir einstaklingar hafa leitað tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði samkvæmt lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum, þar sem að slíkum beiðnum er beint til héraðsdómstóla.

Í tímabundið greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á grundvelli laga nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum, felst að skuldbindingar skuldarans breytast á þann hátt að aðeins verða gjaldkræfar greiðslur

sem honum telst fært að standa straum af en gjalddaga þess hluta skuldbindinganna sem standa eftir er frestað svo lengi sem greiðsluaðlögun stendur. Úrræðið felur því í sér að eigandi íbúðarhúsnæðis heldur húsnæði sínu á meðan úrræðið stendur yfir og kemur því ekki til þess það sé seit eða því ráðstafað til kröfuhafa.

3. *Hversu margir einstaklingar leituðu greiðsluaðlögunar einstaklinga árin 2008–2017, í hversu mörgum þeirra tilfella hafa náðst samningar um greiðsluaðlögun og í hversu mörgum þeirra tilfella hefur fasteign í eigu skuldara verið seld eða ráðstafað til kröfuhafa, sundurliðað eins og unnt er eftir árum, mánuðum, lánveitendum og landsvæðum?*

Lög nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, með síðari breytingum, tóku gildi 1. ágúst 2010. Frá gildistöku laganna til-loka árs 2017 bárust alls 7.170 umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga og komust á samningar í 3.238 tilvikum. Á tímabilinu var fasteign í eigu skuldara seld kröfuhafa í 349 málum. Í eftirfarandi töflu má sjá fyrrgreindar upplýsingar sundurliðaðar eftir árum, mánuðum og landsvæðum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um sundurliðun eftir lánveitendum.

4. *Í hversu mörgum tilfellum hafa skuldarar sótt um greiðsluaðlögun einstaklinga en ekki náð samningi um hana, í hversu mörgum þeirra tilfella hefur það leitt til umleitana um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar eða um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, í hversu mörgum þeirra tilfella hefur slík greiðsluaðlögun komist á og í hversu mörgum þeirra tilfella hefur fasteign í eigu skuldara verið seld eða ráðstafað til kröfuhafa, sundurliðað eins og unnt er eftir árum, mánuðum, lánveitendum og landsvæðum?*

Líkt og fram kom í svari við 3. tölulið bárust alls 7.170 umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga frá gildistöku laganna til-loka árs 2017. Þar af náðust ekki samningar um greiðsluaðlögun í 846 tilvikum. Fjöldi umleitanna um nauðasamninga var 85 á umræddu tímibili og var nauðasamningur samþykktur í 63 tilvikum. Í slíkum tilvikum hefur fasteign í eigu skuldara aldrei verið seld eða henni ráðstafað til kröfuhafa. Í eftirfarandi töflu má sjá fyrrgreindar upplýsingar sundurliðaðar eftir árum, mánuðum og landshlutum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um sundurliðun eftir lánveitendum.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti umboðsmanns skuldara hafa frá stofnun embættisins aðeins örfáir einstaklingar leitað tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna samkvæmt lögum nr. 50/2009 eftir að samningsviðræður í greiðsluaðlögun báru ekki árangur. Umboðsmaður skuldara býr þó ekki yfir upplýsingum um þá sem hafa leitað greiðsluaðlögunar samkvæmt lögum nr. 50/2009 með beiðni til héraðsdómstóls án aðkomu embættisins.

3. Hversumargir einstaklingar leituðu greiðsluáldögum einstaklinga árin 2008-2017, í hversu mörgum þeirra tilfella fasteign í eigu skuldara verið seld eða ráðstafad til krofuhafa, sundurlöð eins og unnt er eftir árum, mánuðum, láneitendum og landsæðum?

	jan	feb	mar	apr	mai	jún	júlí	ágú	sep	okt	nóv	des	Alls
2010													
Umsóknir um greiðsluáldögum	11	35	40	49	47	62	29	127	161	279	366	279	1485
þar af náðust samningar á tímabili - (þáð hvenær mál er stofnað)						0	0	0	0	0	1	0	1
þar af samningur með veð í eign											1	0	1
Seidareignir (fast.nr) á tímabili - geta verið fleiri eignir í málí												0	0
2011													
Umsóknir um greiðsluáldögum	289	299	299	226	262	795	28	33	35	37	22	19	2344
þar af náðust samningar á tímabili - (þáð hvenær mál er stofnað)	4	0	6	7	6	6	22	51	52	50	48	48	258
þar af samningur með veð í eign	2	0	0	2	1	1	1	5	9	16	12	14	63
Seidareignir (fast.nr) á tímabili - geta verið fleiri eignir í málí								1		4		4	5
2012													
Umsóknir um greiðsluáldögum	47	59	49	48	57	69	70	60	101	92	96	75	823
þar af náðust samningar á tímabili - (þáð hvenær mál er stofnað)	81	98	143	79	110	88	88	108	75	94	98	66	1128
þar af samningur með veð í eign	46	65	80	46	60	53	44	65	44	47	55	42	647
Seidareignir (fast.nr) á tímabili - geta verið fleiri eignir í málí	1	4	6	3	4	5	13	13	8	13	10	5	85
2013													
Umsóknir um greiðsluáldögum	67	64	49	45	44	38	38	48	57	87	72	40	649
þar af náðust samningar á tímabili - (þáð hvenær mál er stofnað)	72	66	46	72	49	40	49	76	72	68	53	20	683
þar af samningur með veð í eign	47	32	21	48	29	24	23	35	31	35	22	10	357
Seidareignir (fast.nr) á tímabili - geta verið fleiri eignir í málí	8	14	10	16	16	14	12	10	11	13	15	10	149
2014													
Umsóknir um greiðsluáldögum	48	38	49	31	57	50	54	49	82	65	44	28	595
þar af náðust samningar á tímabili - (þáð hvenær mál er stofnað)	72	50	62	65	53	53	43	29	25	45	25	20	542
þar af samningur með veð í eign	36	26	17	20	22	27	20	14	9	20	7	6	224
Seidareignir (fast.nr) á tímabili - geta verið fleiri eignir í málí	6	9	6	8	13	7	5	5	4	2	5	2	72
2015													
Umsóknir um greiðsluáldögum	32	34	33	32	25	44	25	24	31	32	43	31	386
þar af náðust samningar á tímabili - (þáð hvenær mál er stofnað)	47	28	45	40	22	15	16	12	25	18	18	14	300
þar af samningur með veð í eign	14	9	10	16	11	3	6	4	5	3	6	4	91
Seidareignir (fast.nr) á tímabili - geta verið fleiri eignir í málí	3	4	2	3	3	4	1	3	3	2	2	2	32
2016													
Umsóknir um greiðsluáldögum	35	33	44	27	37	27	45	29	40	35	35	29	418
þar af náðust samningar á tímabili - (þáð hvenær mál er stofnað)	16	8	12	14	12	8	18	11	11	6	17	16	149
þar af samningur með veð í eign	1	2	2	4	1	0	2	2	1	3	1	2	21
Seidareignir (fast.nr) á tímabili - geta verið fleiri eignir í málí	1	2	1	1	1	1	1	2	1	2	0	1	19
2017													
Umsóknir um greiðsluáldögum	39	32	56	38	43	36	39	43	35	55	35	19	470
þar af náðust samningar á tímabili - (þáð hvenær mál er stofnað)	25	14	19	16	15	10	15	11	16	10	16	10	177
þar af samningur með veð í eign	6	1	3	1	0	1	1	2	1	2	0	1	19
Seidareignir (fast.nr) á tímabili - geta verið fleiri eignir í málí	1										0		0

3.-4. Skipting eftir landsvæðum yfir tímabilið 2010-2017

	Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur	Sudurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Erlendis
Fjöldi mál a með veðkröfur	535	352	191	53	18	18	86	32	138	
Sala eigna - talið eftir búsetu eiganda ekki staðsettningu eignar	137	88	40	8	3	4	13	3	27	
Fjöldi mál a þar sem nauðsammingur er samþykktur	32	16	5	1			5	3	3	1
Ekki er unnt að sjá skiptingu eftir láneitendum.										

Skipting eftir landsvæðum yfir tímabilið 2010-

2017

